

**Alþingi***Erindi nr. Þ 130/598**komudagur 11.12.2003*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11.12.2003

Efni: Umsögn um breytingartillögur fjármálaráðuneytisins við frumvarp til breytinga á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt, 88. mál.

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt nr. 90/2003, 88. mál, var m.a. stefnt að því að auka tekjur ríkissjóðs um 600 milljónir með því að lækka hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum. Sú hækkun skatta átti að vera með afturvirkum hætti þ.e. að breytingin átti að hafa áhrif á álagningu ársins 2004 vegna tekna ársins 2003.

Alþýðusambandið lagðist í fyrri umsögnum gegn þeirri skerðingu á vaxtabótum sem fólst í frumvarpinu. Alþýðusambandið taldi einnig að það væri með öllu óeðlilegt og óásættanlegt að láta framangreinda skerðingu vaxtabóta koma til framkvæmda með afturvirkum hætti, þ.e. við álagningu ársins 2004 vegna vaxtagjalda ársins 2003, eins og gert er ráð fyrir skv. 13.gr. frumvarpsins.


Samkvæmt þeim breytingum sem nú er lagt til að gerðar verði á lögnum mun skerðing vaxtabóta vegna lækkunar á hámarki vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum koma til framkvæmda við álagningu ársins 2005 vegna tekna ársins 2004. Alþýðusambandið ítrekar fyrri andstöðu sína við framangreinda skerðingu vaxtabóta en fagnar því að hætt skuli við að láta skerðingu vaxtabóta koma til framkvæmda með afturvirkum hætti.

Önnur breyting sem lögð er til er að skerða vaxtabætur ársins 2003 um 10%. Með öðrum orðum á að hækka skatta allra þeirra rúmlega 34.000 einstaklinga sem í dag njóta vaxtabóta og auka þannig skattgreiðslur þeirra vegna tekna ársins 2003. Þessi skattahækkun á þannig að koma til framkvæmda með afturvirkum hætti. Breytingin hefur m.a. þau áhrif að þeir sem nýtt hafa sér

fyrirframgreiðslu vaxtabóta skv. 68. gr. laganna þurfa að endurgreiða vaxtabætur sem nemur skerðingunni. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra eru það rúmlega 3.000 einstaklingar sem fá greiddar vaxtabætur fyrirfarm.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn þeirri tillögu að draga úr vaxtabótum um 10% til að auka skatttekjur ríkissjóðs, þar sem slík skerðing vaxtabóta hefði í för með sér auknar skattgreiðslur þeirra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið. Sérstaklega vill Alþýðusambandið gera athugasemd við þá fyrirætlan að láta ákvæðið gilda með afturvirkum hætti og hafa þannig áhrif á skattgreiðslur rúmlega 34.000 einstaklinga til hækkunar. Slíkt er ekki með nokkru móti ásættanlegt.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason
Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ